

en hann heldur því fram, að honum sé það heimilt, þar er ölið, er hann veitti, sé hvítöl, framleitt í brauðgerðinni.

En með tilliti til þess, að í tölulið 1. 2. gr. laga nr. 21, 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. er kökubúðum einungis heimilaðar veitingar á kaffi, tei, súkkulaði, mjólk og kakói, ásamt kökum þar gerðum og að dómaranum er það kunnugt, að kærður hefir á stofuhæð hússins annað sérstakt herbergi til þeirra veitinga, lítur rétturinn svo á, að kærður með greindum ölveitingum brjóti og hafi brotið ofangreind lög og þykir refsing hans, er eigi hefir áður sætt kæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, hæfilega metin 50 kr. sekt í ríkissjóð samkv. 15. gr. fyrgreindra laga, en sé sektin eigi greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dómsins, afplánist hún með 5 daga einföldu fangelsi. Svo greiði mættur og allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Að öðru leyti á kærður að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í málinu.

Föstudaginn 15. apríl 1932.

Nr. 74/1931. L. Fjeldsted, f. h. eiganda s/s Havtor
(Th. B. Líndal)

gegn

Mjólkurfélagi Reykjavíkur

(Jón Ásbjörnsson).

og J. Þorsteinsson & Co. (Enginn).

Farmsendara talið skylt, samkvæmt ákvæðum farmsamnings, að greiða tilfallinn kostnað við útskipun vöru.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 24. jan. 1931: Stefndu. Mjólkurfélag Reykjavíkur og J. Þorsteinsson & Co., skulu sýkn af kröfu stefnanda, L. Fjeldsted, f. h. A/S Havtor, eiganda s/s „Havtor“ frá Oslo í þessu máli. Stefndandi greiði stefndu málskostnað með 60 kr. innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta skyldi flutt í hæstarétti var aðeins mætt þar af hálfu annars varnaraðiljans, Mjólkurfélags Reykjavíkur. Hefir málið því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna, og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr., tilsk. 3. júní 1796, en báðir aðiljar hafa aflað sér novaleyfis og lagt ný skjöl og skilríki fram hér í réttinum.

Með farmsamningi, dags. 3. maí 1929, milli eigenda s/s Havtor annarsvegar sem framflytjanda, og hinsvegar Mjólkurfélags Reykjavíkur og firmans J. Þorsteinsson & Co., sem farmsendara, tóku farmflytjendur að sér að flytja með skipi sínu s/s Havtor um 800 smálestir af sementi og um 200 standard af timbri frá Slemmestad og Ronneby til Reykjavíkur. Farmsamningur þessi er gerður á prentað eyðublað af svonefndum Gencon farmsamningi og er svofellt ákvæði í 5. gr. hans: „Cargo to be brought alongside in such a manner as to enable vessel to take the goods with her own tackle Charterers to procure and pay the-necessary men on shore or onboard the lighters to do the work there, vessel only heaving the cargo onboard.

Með gögnum þeim, sem fram eru komin í málinu, að nokkru leyti eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, má telja það sannað, að þegar s/s Havtor kom til Ronneby til að taka þar við timbrinu, þá lagði firma það, er afhenti timbrið til flutnings, ekki til menn til þess að vinna á bryggjunum að því að koma timbrinu fyrir í vindum skipsins, að skipstjórinn hinn 17. maí 1929 bréflaga benti firmanu á hin tilvitnuðu ákvæði farmsamningsins og mótmælti því, að kostnaður

af vinnu þessari félli á útgerð skipsins, að firmað eigi sinni þeim bendingum og að útgerðin varð að greiða hina umstefndu upphæð í verkalaun fyrir þessa vinnu. Verður að fallast á þá skoðun áfrýjanda, að samkvæmt hinu tilvitnaða ákvæði farmsamningsins, hafi farmsendara verið skylt að sjá um og kosta þessa vinnu og að farmflytjandi því eigi rétt á því, að farmsendendur endurgreiði sér þessa upphæð. Mjólkurfélag Reykjavíkur hefir haldið því fram, að sér beri eigi skylda til að endurgreiða upphæð þessa, þar sem hún stafi aðeins frá útskipun timbursins, sem eigi hafi verið sin eign heldur eign hins farmsendarans J. Þorsteinsson & Co. eins. En með því að báðir hinir stefndu hafa undirritað farmsamninginn sem farmsendarar án þess að gjöra að þessu leyti nokkra takmörkun á ábyrgð sinni gagnvart farmflytjanda, þá á farmflytjandi rétt á að ganga að þeim báðum in solidum um endurgreiðslu á fé þessu og skerðir það að engu þann rétt hans, að skipstjóri hvorki ritaði fyrirvara um endurgreiðslu þessa á farmskírteinið yfir timbrið né gerði hana að skilyrði fyrir afhendingu þess á ákvörðunarstaðnum. Með því ennfremur, að vaxtakröfu áfrýjanda hefir eigi verið mótmælt, verður að breyta hinum áfrýjaða dómi á þá leið, að stefndu séu in solidum skyldir til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð, 490,77 sænskar krónur ásamt 5% ársvöxtum frá 22. maí 1929 til greiðsludags. Með tilliti til þess hversu ófullnægjandi upplýsingar lágu fyrir sjódomi af áfrýjanda hálfu, þykir rétt, að málskostnaður í sjódomi falli niður, en málskostnað í hæstarétti greiði stefndu áfrýjanda in solidum með 200 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Mjólkurfélag Reykjavíkur og J. Þorsteinsson & Co., greiði in solidum áfrýjanda, Lárusi Fjeldsted, f. h. eigenda s/s Havtor, sænskar krónur 490,77 með 5% ársvöxtum frá 22. maí 1929 til greiðsludags.

Málskostnaður í sjódomi falli niður, en málskostnað í hæstarétti greiði stefndu áfrýjanda in solidum með 200 krónum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með skipsleigusamningi, dags. 3. maí 1929, tóku stefndu, firmun, Mjólkurfélag Reykjavíkur og J. Þorsteinsson & Co., s/s Havtor frá Oslo á leigu til ferðar hingað til lands frá Slemmestad og Rønneby. Í Rønneby kveður stefnandi L. Fjeldsted, f. h. A/S Havtor, eiganda s/s Havtor, að skipstjórinn hafi orðið að greiða kr. 490,77 sænskar fyrir útskipun, er leigutakar skipsins eigi að greiða samkvæmt 5. gr. skipsleigusamningsins, og hefir stefnandi, með sjódomskæru, dags. 12. apríl f. á., krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða téða upphæð ásamt 5% ársvöxtum frá 17. maí 1929 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu með kr. 90,50.

Með því að enginn reikningur hefir verið lagður fram í málinu, er sýni í hverju þessi útgjöld hafi verið fölgin, né heldur kvittun, er sýndi að upphæðin hafi verið greidd, krefjast stefndu sýknu og sér dæmdan málskostnað. Stefnandi kveðst hafa gert itrekaðar tilraunir til þess að fá þessa reikninga en árangurslaust. Reikningar eða kvittanir hafa ekki fundizt, hvorki hjá eigendum skipsins og útgerðarmönnum né umboðsmönnum þess hér. Samkvæmt þessum málavöxtum þykir verða að taka sýknukröfu stefndu til greina og tildæma þeim málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 60 kr.